

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 2000

Nr. 151

394

29. febrúar 2000

REGLUGERÐ

um brottfall reglugerðar um holræsi fyrir Seltjarnarneskaupstað.

1. gr.

Reglugerð um holræsi í Seltjarnarneshreppi nr. 18/1955 er felld úr gildi.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. febrúar 2000.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

Nr. 152

2. mars 2000

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar
skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar getur afgreitt án staðfestingar umhverfisnefndar, sem m.a. fer með málefni byggingarnefndar, eftirtalin verkefni er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum:

1. Teikningar er varða viðbyggingar og stækkanir húsa og minni mannvirkja, er uppfylla öll ákvæði laga og reglugerða.
2. Teikningar er varða minniháttar breytingar á útliti og innra skipulagi mannvirkja.
3. Teikningar er varða brunamál.
4. Teikningar er varða breytingar á mannvirki í framkvæmd.
5. Umsóknir um uppsetningu girðinga.
6. Umsóknir um niðurrif húsa.
7. Viðurkenningar á iðnmeisturum.
8. Fellingur trjáa.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingarstjóri og iðnmeistarar sem ábyrgð bera, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld hafi verið greidd.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í umhverfisnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar, en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu, en skulu hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og aðrar bókanir umhverfisnefndar. Í gerðabókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt, og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í umhverfisnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlagla nr. 73/1997, með síðari breytingum.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synji að afgreiða erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til umhverfisnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úskurðarnefndar í skipulags- og byggingarmálum, sbr. 8. gr. og 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlagla.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 2. mars 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Fjarðabyggð.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð annast sorphirðu og sorpförgun frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og sorpförgun frá atvinnuhúsnæði. Frá atvinnuhúsnæði er einnig hreinsaður kaffistofuúrgangur. Unnt er að semja um aðra sorphirðu frá atvinnurekstri.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða og förgun skal framkvæmd undir yfirstjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands í umboði sveitarstjórnar og eftirliti heilbrigðisnefndar Austurlands. Skal stjórn Sorpsamlags-